

Upplýsingar um persónuvernd fyrir Home Connect-forritið

Fyrirtækið Home Connect GmbH, með skráða skrifstofu að Carl-Wery-Strasse 34, 81739 í München, Þýskalandi (hér á eftir kallað „Home Connect“ eða „við“) ber ábyrgð á söfnun, vinnslu og notkun persónuupplýsinga þinna í tengslum við forritið Home Connect (hér á eftir kallað „forritið“).

Við söfnum, vinnum úr og notum persónuupplýsingar frá þér, sem þú annaðhvort slærð inn eða verða til og eru unnar í tengslum við notkun forritsins, tengdra heimilistækja eða þjónustu sem Home Connect veitir, í samræmi við gildandi lög um persónuvernd. Eftirfarandi upplýsingar gera grein fyrir því hvernig við meðhöndlum slík gögn byggt á notkunarskilmálum eða öðrum lögmætum grunni.

1. Gerðir persónuupplýsinga

Að því er varðar notkun forritsins, tengdra heimilistækja eða þjónustu og virkni sem Home Connect býður (hér eftir „þjónusta“) mun Home Connect einkum safna, vinna úr og nota eftirfarandi tegundir persónuupplýsinga.

a. Aðalgögn notanda og notkunarupplýsingar

Við söfnum og notum eftirtaldir persónuupplýsingar við uppsetningu notandareiknings (skráningu) og við uppsetningu forritsins:

- Við skráningu með Single Key ID:
 - Aðgangsgögn, þ.e. auðkennisgögn sem stýra aðgengi að Single Key ID notandareikningi og samanstanda af notandaeinkennum (t.d. tölvupóstfangi eða farsímanúmeri notanda). Ábyrgðaraðili þessarar skráningarþjónustu er Bosch.IO.GmbH, Bosch.IO.GmbH, Ullsteinstrasse 128, 12109 Berlín, Þýskalandi („BIO“).
- Viðbótarupplýsingar sem þú veitir í skráningarferlinu þar á meðal við uppsetningu forritsins eða skráningu á miðlægum BSH notandareikningi, (að því gefnu að þeir séu ekki sendir með Bisch-ID), svo sem:
 - fornafn og eftirnafn,
 - netfang (verður einnig notað sem notandakenni),
 - það land þar sem þú notar heimilistækið/-tækin þín,
 - aðgangsorð sem aðgengisvörn fyrir forritið/miðlægan BSH notandareikning.

Upplýsingar sem beðið er um í skráningarferlinu kunna að vera mismunandi eftir löndum og eru meðhöndlaðir (ef aðgengilegir) í gengum miðlægan BSH notandareikning, sem getur einnig verið notaður sem Home Connect reikningur.

- Upplýsingar sem við söfnum og vistum í skráningarferlinu og við notkun forritsins:
 - tungumálastillingar fartækisins þíns,
 - samþykki fyrir og staðfesting á notkunarskilmálunum og staðfesting á yfirlýsingu um persónuvernd,
 - samþykki fyrir markaðssetningu og umfang þess
 - staða notandareikningsins (virkur/óvirkur),
 - sjálfgefin rakningarstilling forrits (eftir því landi sem valið er, sjá nánari upplýsingar í lið 6 hér á eftir).
 - Þjónustusögu (t.d. verkefni þjónustuaðila) tengds heimilistækis og pantana sem tengjast notanda (t.d. rekstrarvörur).

b. Aðalgögn heimilistækis

Gögnin sem við söfnum og notum vegna tengingar heimilistækisins þíns við notandareikninginn eru eftirfarandi:

- vöruheiti heimilistækisins (t.d. Bosch eða Siemens),
- raðnúmer og, ef við á, framleiðsludagsetning heimilistækisins (svokallað „E-númer“ (heildstætt gerðarnúmer) og framleiðslunúmer (dagsetning framleiðslu) – þessar upplýsingar má finna á merkimiða tækisins),
- einkvæmt auðkenni netkortsins sem sett er upp í heimilistækið (svokallað MAC-vistfang).

Þessum gögnum er úthlutað á notandareikninginn þinn fyrir hvert heimilistæki sem er tengt við „Home Connect“-aðgerðina.

c. Notkunargögn heimilistækis

Gögnin sem við söfnum og notum vegna notkunar heimilistækisins þíns eru eftirfarandi:

- valdar grunnstillingar, val á kerfi og kjörstillingar kerfa í heimilistækinu eða gegnum forritið,
- gögn um stöðu heimilistækisins, svo sem umhverfisaðstæður, ástand íhluta, breytingar á stöðu heimilistækisins (t.d. mismunandi vinnumáti, opnun eða lokun hurða/aðgangshlífa, breytingar á hitastigi, áfyllingarstaða) og stöðuskilaboð frá heimilistæki (t.d. ef tækið ofhitnar, vatnsgeymir tæmist o.s.frv.) sem og villuboð (þar með talið tengdar villuskýrslur viðeigandi heimilistækis).
- einstaklingsbundnar stillingar/innihald heimilistækisins (t.d. innbyggt starfrænt kort fyrir ryksugupjarka, nafn drykkjartegundar í kaffivélum, uppskriftir sem hefur verið hlaðið niður eða útbúna af notanda)
- Myndskeiðs- og myndgögn (t.d. ryksugupjarkar, eldavélar og ofnar sem og ísskápar með innbyggðri myndavél).

d. Notkunargögn forritsins

Notkunargögn forritsins eru gögn sem verða til við samskipti þín við forritið, svo sem eiginleikar sem þú notar, smellimynstur sem tengist stjórnstækjum forritsins, val úr fellivalmyndum, stillingar straumrofa og villuskýrslur forritsins. Frekari upplýsingar eru í lið 6.

2. Tilgangur notkunar

Við notum gögn af áður nefndum gerðum

- til að hægt sé að nota eiginleika forritsins, sem og þjónustuna sem í boði er fyrir tilstilli forritsins (1.a.–c.),
- til að senda tilkynningar vegna öryggisleiðbeininga og/eða upplýsingar um innkallanir í sambandi við vöruefirlit (1.a. til c.)
- vegna fyrirbyggjandi viðhalds, þar á meðal að útvega tengd skilaboð í forriti/tölvupósti (t.d. ráðleggingar um notkun stillinga og / eða viðhaldsforrita) og viðbrögð við bilanaleit (t.d. í tengslum við fjargreiningu, við viðgerð á staðnum eða á verkstæði) tengdra heimilistækja (1.a. til c.),
- til að bæta notandaviðmót forritsins og til sérstakrar eða almennrar bilanaleitar fyrir forritið og stafrænu þjónustuna sem boðið er upp á í gegnum það (1. c. og d.),
- til að bæta allar vörur okkar og þjónustu (þ.m.t. frá tengdum fyrirtækjum), einkum að því er varðar kerfi sem eru ekki notuð og/eða eru notuð oft, auk annarra eiginleika forritsins og heimilistækisins (þ.m.t. algrím) (1.c. og d.),
- til notkunar við innheimtu, að því leyti sem heimilistækin eru tengd forritinu eða þjónustan sem boðið er upp á í forritinu er háð afnotagjaldi (1.a til c), og
- í beinum markaðstilgangi eða vegna markaðsrannsókna þ.m.t. skilaboð send með tilkynningu í forritinu eða með tölvupósti (1.a. til c.) að því gefnu að heimild sé veitt fyrir slíku.

Lagagrundvelli gagnanotkunar samkvæmt almennum persónuverndarreglugerð ESB – GDPR (REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) 2016/679 frá 27. apríl 2016) er lýst í 12. lið þessa upplýsingaskjals.

Varðandi annan gagnaflutning innan Bosch samstæðunnar sem tengist hinu miðlæga Single Key ID, vísum við til upplýsinga persónuvernd BIO á <https://identity-myprofile.bosch.com/>.

3. Almennur geymslutími

Svo fremi sem engin lögboðin ákvæði gilda um annað skal almennur geymslutími gagna vera sem hér segir:

- a. **Single Key ID:** Eyðing með eyðingu Single Key ID notendareiknings.
- b. **Aðalgögn notanda:** Verður eytt um leið og staðbundnum notandareikningi eða miðlægum BSH reikningi er eytt.
- c. **Aðalgögn heimilistækis:** Tengill í notandareikning er fjarlægður um leið og heimilistækið er fjarlægt af notandareikningnum.
- d. **Notkunargögn heimilistækis:** Þrjátíu (30) daga geymsla fyrir hvern notanda. Að þeim tíma liðnum geymast gögnin undir gerviauðkenni og útvegum á sérsniðnu formi fyrir þjónustu og/eða viðgerðarþjónustu sem veitt er í gegnum forritið eða á staðnum /viðgerðarþjónustu (t.d. fyrirbyggjandi viðhald eða viðgerð/bilanalet, ef það er í boði) meðan samningurinn gildir eða (ef hægt er að slökkva á virkninni) meðan á virkni stendur. Ennfremur, geymt undir gerviauðkenni vegna lögmætra hagsmuna okkar, svo framarlega sem þeir ganga framar öðrum hagsmunum.
- e. **Notkunargögn forritsins:** Geymsla undir gerviauðkenni og útvegum á sérsniðnu formi fyrir þjónustu/skilaboð sem veitt eru í forritinu, að því marki sem kveikt er á „Virkja rakningu notkunargagna“. Þegar slökkt er á stillingunni er einkvæmt auðkenni fyrir rakningu endurstíllt til að ekki sé hægt að rekja notkunargögnin sem forritið hefur þegar safnað til notanda.

4. Stjórnun gagnavinnslu

a. Tengigeta heimilistækisins

Þú getur notað forritið til að stjórna tengigetu heimilistækja:

- Ef þörf krefur, og ef heimilistækið býður upp á slíka stillingu, er hægt að setja upp tenginguna við Home Connect-þjóninn með þeim hætti að hvert heimilistæki sé tengt við hann sérstaklega (valmyndaratriðið *Heimilistæki* → *Stillingar*). Þá gerist eftirfarandi:
 - gögn um notkun forritsins (1.c.) verða ekki framar send til Home Connect-þjónsins; ef heimilistækið er búið biðminni verða notkunargögn tækisins flutt yfir til netþjóns Home Connect þegar Wi-Fi-tenging heimilistækisins við netþjón Home Connect kemst aftur á;
 - tilteknir eiginleikar forritsins verða ekki lengur tiltækir; til að mynda verður þá ekki hægt að nota heimilistækið, jafnvel þótt gagnatengill fyrir internetið verði settur upp.
- Ef þörf krefur er hægt að slökkva á tengingu fyrir Wi-Fi fyrir einstök heimilistæki (valmyndaratriðið *Heimilistæki* → *Stillingar*). Þá gerist eftirfarandi:
 - gögn um notkun forritsins (1.c.) verða ekki framar send til Home Connect-þjónsins; ef heimilistækið er búið biðminni verða notkunargögn tækisins flutt yfir til netþjóns Home Connect þegar Wi-Fi tenging heimilistækisins kemst aftur á;
 - aðeins er hægt að stjórna heimilistækinu gegnum tækið sjálft, en ekki gegnum forritið.

b. Notandareikningar og staðbundin forritagögn

Þú getur stjórnað notandareikningunum þínum gegnum forritið og eytt gögnum sem vistuð eru staðbundið í forritinu.

- Þú getur eytt notandareikningnum þínum („Prófill“ → „Persónuupplýsingar“ → „Eyða notandareikningi“). Þá gerist eftirfarandi:
 - tengingunni á milli heimilistækisins þíns og notandareikningsins þíns verður eytt og
 - heimilistækið þitt sendir engin frekari gögn um notkun heimilistækisins til Home Connect-þjónsins, svo fremi sem engir aðrir notandareikningar eru tengdir við heimilistækið (sjá lið 1.a. hér að ofan).
- Með því að eyða forritinu eða nota stillinguna „Full endurstilling“ er öllum notandagögnum sem vistuð eru staðbundið líka eytt en þó ekki aðgangsrækingum sem voru gerðir óháð forritinu.
- Ef þú notar Single Key ID verður því eytt með Single Key ID aðgerðum, þar sem auk sjálfs Single Key ID er einnig hægt að eyða einstökum tengdum forritum. Ef Single Key ID er eini aðgangsbúnaðurinn að forritinu eða aðal BSH notandareikningi, getur eyðing Single Key ID gert það að verkum að aðgangur að tengdri þjónustu lokast. Þess vegna skaltu athuga hvort þú hafir enn tengd forrit eða notandareikninga áður en þú eyðir Single Key ID.
- Til að eyða aðal BSH notandareikningi, vinsamlegast notaðu aðgerðina sem er að finna í reikningnum.
- Tilteknir eiginleikar forritsins vista ekki gögn um notandann staðbundið. Hægt er að láta eyða slíkum gögnum með því að hafa samband við þjónustudeild Home Connect eða (ef til vill síðar meir) nota viðeigandi stillingu í forritinu.

c. Grunnstillingar framleiðanda fyrir heimilistækið

Hægt er að stilla heimilistækið á grunnstillingar framleiðanda. Þá gerist eftirfarandi:

- heimilistækið missir tengingu sína við Home Connect-þjóninn þar sem netstillingar voru endurstilltar og
- heimilistækið verður ekki lengur tengt við neina áður tengda notandareikninga (það krefst þess að heimilistækið sé tengt við internet) og mun ekki birtast í forritinu.
- og allt efni sem er vistað í heimilistækinu mun eyðast.

Vinsamlegast lestu notkunarhandbók heimilistækisins áður en það er endurstillt á grunnstillingar framleiðanda.

5. Sending eða birting gagna frá þér t.d. til þriðju aðila

Við eigum í samstarfi við fjölda þjónustuveitenda í því skyni að búa til og keyra forritið og veita margs konar þjónustu því tengda. Við höfum skuldbundið þessa þjónustuveitendur til að sinna allri vinnslu gagna, sem samningsbundnir vinnsluáðilar, í samræmi við stranga skilmála og þar af leiðir að vinnsla sem sinnt er af slíkum þjónustuveitendum krefst ekki sérstaks samþykkis af þinni hálfu.

Þjónustuveitendur sem við höfum gert samning við um að búa til og keyra forritið:

- Þjónustuveitendur fyrir hýsingarþjónustu
- Þjónustuveitendur fyrir forritunarþjónustu
- Þjónustuveitendur fyrir tilkynningaþjónustu og aðra þjónustu tengdri forritinu.

Við sendum gögnin þín eingöngu til annarra viðtakenda þegar slíkt er nauðsynlegt til að uppfylla skilyrði samningsins sem gerður var við þig eða á milli þín og þriðja aðila, ef við eða viðtakandinn hefur lögmæta hagsmuni af því að sjá gögnin þín, eða þegar þú hefur veitt samþykki þitt fyrir slíkri sendingu. Slíkir viðtakendur geta meðal annars verið þjónustuveitendur og önnur fyrirtæki innan fyrirtækjasamstæðu okkar. Enn fremur kunna gögnin að vera send öðrum viðtakendum ef okkur er skylt að gera það á grundvelli laga eða til að framfylgja stjórnsýslulegum fyrirmælum eða dómsúrskurðum.

Einnig kunnum við að senda gögnin þín til annarra þjónustuveitenda einkum ef unnt er að nota tilboð þeirra og þjónustu (þjónusta þriðju aðila) í tengslum við forritið eða þegar forritið virkjar aðgang að slíkri þjónustu (sjá lið 9).

Efni, sérstaklega uppskriftir, sem þú hefur búið til sjálfur/sjálf, getur einnig verið sent til annarra BSH fyrirtækja (einnig á alþjóðavettvangi) í tengslum við tæknilega úrvinnslu og afhendingar á efni eða þjónustu. Við byggjum slíka gagnaflutning/vinnslu á persónuverndarsamþykktum milli hlutaðeigandi BSH fyrirtækja, sem fela einnig í sér beitingu staðlaðra samningsákvæða, að svo miklu leyti sem flutningurinn nær til lands utan gildissviðs almennu persónuverndarreglugerðar ESB (GDPR) og ef ekki er um að ræða tilvik sem fellur undir 45. gr. reglugerðarinnar (GDPR).

6. Skráning á notkun forritsins

Forritið kann að skrá gögn um notkun forritsins (sjá lið 1.d. hér að framan). Analytics-greiningarþjónustur eru notaðar í þessu skyni, en þær er veittar af

- Adobe Systems Software Ireland Limited, 4-6 Riverwalk, Citywest Business Campus, Dublin 24, Írlandi (hér eftir „Adobe“).
- Adjust Tools frá Adjust GmbH, Saarbrücken Str. 37a, 10405 Berlín (hér eftir „Adjust“).
- Thunderhead Analytics frá Thunderhead Ltd., 5th Floor, Ingeni Building, 17 Broadwick Street, Soho, London W1F 0DJ (hér eftir „Thunderhead“).

Ef kveikt er á aðgerðinni „Virkja rakningu notkunargagna“ verða notkunargögn forritsins send til og vistuð á þjónum þjónustuveitenda innan Evrópusambandsins. Gögn um notkun forritsins gera þér kleift að greina notkun þína á forritinu og veitir möguleika á skilaboðum (í forritinu eða með tölvupósti) til þín vegna þjónustu sem boðið er upp á í gegnum forritið (sjá lið 1.d. hér að framan). IP-nafnleysi er virkt í þessu forriti, sem þýðir að IP-talan sem þú notar er stýtt áður en hún er send til þjónsins. Framangreindar greiningarþjónustur nota þessar upplýsingar fyrir hönd Home Connect til að leggja mat á notkun þína á forritinu, útbúa villuskýrslur og skýrslur um virkni forritsins fyrir Home Connect. IP-tölur sem sendar eru úr fartækinu þínu og aðrar persónuupplýsingar í tengslum við verkefni framangreindra Analytics-greiningarþjónustuaðila verða ekki samþætt við önnur gögn sem greiningarþjónustur eða Home Connect geymir nema að fengnu sérstöku samþykki þínu þar að lútandi.

Þú getur stjórnað því hvort gögn um notkun forritsins (þ.m.t. IP-talan þín) eru skráð og unnin af einum af framangreindum greiningarþjónustum með því að kveikja eða slökkva á aðgerðinni „Virkja rakningu notkunargagna“. Hugsanlega verður kveikt sjálfgefið á aðgerðinni „Virkja rakningu notkunargagna“, með hliðsjón af lagalegu umhverfi í hverju landi fyrir sig.

Að auki er hægt að senda okkur villutilkynningar frá forritinu – ef þú samþykkir það sérstaklega – svo við getum gert ráðstafanir til að koma í veg fyrir slíkar villur.

7. Villutilkynningar

Við notum forritamiðstöð Visual Studio, (<https://appcenter.ms>) til að safna og senda nafnlausar villutilkynningar ef forritið hegðar sér með óvæntum hætti, einkum ef forritið hrynur. Þjónustuveitendur okkar og Home Connect munu aðeins fá sendar villutilkynningar að fengnu ótvíræðu samþykki þínu. Við munum fara fram á samþykki þitt í hvert sinn sem við viljum fá að senda slíkar upplýsingar.

8. Öryggi gagna

Við beitum tæknilegum og skipulagslegum ráðstöfunum til að vernda gögnin þín, til dæmis gegn misnotkun, tapi og óheimilum aðgangi þriðju aðila. Meðal slíkra ráðstafana eru notkun kóðunartækni, vottorð, eldveggir á Home Connect-þjóninum og verndun aðgangsorða í Home Connect-forritinu. Öryggi gagna í Home Connect-forritinu hefur verið prófað og vottað af TÜV Trust IT. Við endurmetum og bætum öryggisráðstafanir okkar stöðugt í samræmi við tækniþróun.

9. Gildissvið yfirlýsingar um persónuvernd

Þessar upplýsingar um persónuvernd skulu gilda um aðgerðir og þjónustu sem Home Connect býður gegnum forritið. Að svo miklu leyti sem viðbótaraðgerðir eða þjónusta stendur til boða í forritinu frá Home Connect eða eða fyrirtæki innan BSG Group, verða sérstakar upplýsingar um persónuvernd veittar að því gefnu að notkunin sé háð sérstökum persónuverndarreglum eða upplýsingum.

Þó skulu þessar upplýsingar um persónuvernd ekki gilda um þjónustu þriðju aðila, jafnvel þótt Home Connect greiði fyrir notkun og/eða aðgengi slíkrar þjónustu þriðju aðila gegnum forritið (sjá einnig notkunarskilmála að því er varðar þjónustu þriðju aðila). Notkun slíkrar þjónustu þriðju aðila ræðst af gildandi ákvæðum um persónuvernd sem sett hafa verið af þjónustuveitum þriðju aðila og, ef við á, viðbótarupplýsingum um persónuvernd af okkar hálfu þar sem lýst er sértækum eiginleikum þessarar þjónustu þriðju aðila og skulu aðeins teljast eiga við í þeim skilningi.

Verði þér vísað til annarrar þjónustuveitu skal Home Connect beita skynsamlegum og viðeigandi ráðstöfunum til að skýra slíka tilvísun (t.d. með því að fella efni frá þjónustuveitunni inn í forritið með notkun innskotsramma) ef slík tilvísun er ekki fyllilega skiljanleg. Ef þú smellir á tengil í Home Connect-forritinu sem tengist forriti eða vefsvæði frá öðrum þjónustuveitanda telst það vera skýr tilvísun.

Ef þú, sem notandi, ert innan gildissviðs almennu persónuverndarreglugerðar ESB (GDPR), biðjum við þig að hafa í huga að notkun þjónustuveitu þriðju aðila kann að leiða til þess að persónuupplýsingar um þig verði unnar í ríkjum utan gildissviðs almennu persónuverndarreglugerðarinnar. Vinsamlegast taktu þá tillit til upplýsinga um persónuvernd frá viðkomandi þjónustuveitu þriðja aðila.

10. Breytingar á yfirlýsingu um persónuvernd

Eftir því sem forritið og þjónustur sem veittar eru í gegnum forritið taka breytingum og þróast – meðal annars vegna innleiðingar á nýrri tækni eða nýrri þjónustu – þarf hugsanlega að gera breytingar á þessum upplýsingum um persónuvernd til samræmis við þær breytingar. Home Connect áskilur sér rétt á að breyta eða bæta við þessar upplýsingar eftir því sem þörf krefur. Home Connect mun ævinlega uppfæra upplýsingar um persónuvernd sem finna má í forritinu og þú getur því kynnt þér nýjustu útgáfu upplýsinganna hvenær sem er.

11. Réttindi og samskiptaupplýsingar

Ef í ljós kemur að rangar persónuupplýsingar hafa verið vistaðar um þig, þrátt fyrir alla viðleitni okkar til að vista aðeins gögn sem eru rétt og uppfærð, munum við breyta öllum slíkum upplýsingum að þinni beiðni. Að veittu samþykki þínu fyrir söfnun, vinnslu og notkun persónuupplýsinga um þig getur þú hvenær sem er afturkallað slíkt samþykki síðar meir. Að öllu jöfnu er hægt að afturkalla slíkt samþykki með því að nota viðeigandi stillingar í forritinu eða með öðrum hætti með því að nota samskiptaupplýsingarnar sem finna má í forritinu.

Persónuupplýsingum um þig verður eytt ef þú dregur til baka samþykki þitt fyrir varðveislu þeirra, ef persónuupplýsinganna er ekki lengur þörf í því skyni sem þær voru geymdar eða ef slík varðveisla er ótæk af öðrum lagalegum ástæðum. Hafðu í huga að hugsanlega getur átt sér stað skörun, af tæknilegum og rekstrarlegum ástæðum, milli þess að þú afturkallir samþykki þitt og notkun gagnanna,

t.d. í því tilviki að fréttabréf hafi komið út og hafi þegar verið sent út. Gögn sem krafist er vegna útgáfu reikninga og bókhaldsaðgerða eða eru nauðsynleg til að sinna lagalegri skyldu um varðveislu gagna falla ekki undir þetta ákvæði.

Ef spurningar vakna varðandi persónuvernd, eða ef þú vilt nýta þér rétt þinn til að afturkalla samþykki þitt eða lagfæra, eyða eða fresta birtingu upplýsinga skaltu hafa samband við okkur með því að nota samskiptaupplýsingarnar sem finna má í forritinu.

12. Viðbótarupplýsingar samkvæmt almennu persónuverndarreglugerð ESB („GDPR“)

a. Lagagrundvöllur ætlaðrar gagnanotkunar

Við byggjum eftirfarandi gagnanotkun á

- skilmálum samnings samkvæmt 6. grein (1b) GDPR:
 - Útvegum á eiginleikum forritsins, sem og þjónustunni sem í boði er fyrir tilstilli forritsins með úrvinnslu gagnaflokka sem taldir eru upp í lið 1.a.–c.
 - Flutningur gagnaflokka samkvæmt lið 1.a.-c. til þjónustuveitu þriðja þjónustuaðila sem hægt er að nota í tengslum við forritið (sjá lið 9).
 - Villuleiðrétting með úrvinnslu gagnaflokka sem taldir eru upp í lið 1.b.-d.
- lögmætum hagsmunum samkvæmt 6. grein (1f) GDPR:
 - Endurbætur á notendaviðmóti forritsins með úrvinnslu gagnaflokka sem taldir eru upp í lið 1.d. (Á við um lögsagnarumdæmi þar sem heimilt er að safna notkunargögnum forrita á grundvelli lögmætra hagsmuna. Í þessu tilfelli er aðgerðin „Leyfa rakningu á notandagögnum“ virk í sjálfgefnu stillingunni)
 - Lagfæringar á öllum vörum okkar og þjónustu, einkum að því er varðar kerfi sem eru ekki notuð og/eða eru notuð oft, auk annarra eiginleika forritsins og heimilistækisins með úrvinnslu gagnaflokka sem taldir eru upp í lið 1.c. og 1.d.
- samþykki þínu samkvæmt 6. grein (1a) GDPR:
 - Bein markaðssetning með úrvinnslu gagnaflokka sem taldir eru upp í lið 1.a.-c.
 - Gera forritið notendavænna með því að vinna úr gagnaflokkunum sem koma fram í atriði 1.d. (Á við um lögsagnarumdæmi þar sem aðeins heimilt er að safna notkunargögnum forrita á grundvelli samþykkis. Í þessu tilfelli er aðgerðin „Leyfa rakningu á notandagögnum“ aðeins virk með fengnu samþykki notanda)
- lagaheimild samkvæmt 6. grein (1c og 1d) GDPR:
 - Tilkynning vegna öryggisleiðbeininga og/eða upplýsinga um innkallanir í tengslum við vörueftirlit með vinnslu gagnaflokka sem taldir eru upp í lið 1.a-c.

b. Réttindi þín

Réttindi þín til viðbótar því sem fram kemur í lið 11 eru talin upp hér á eftir. Vinsamlegast notaðu samskiptaupplýsingarnar sem sjá má aftast í þessum upplýsingum um persónuvernd til að neyta réttinda þinna .

- **Réttur þinn til að fá upplýsingar um gögnin þín:** Við veitum þér upplýsingar um þau gögn sem við höfum um þig ef þú óskar eftir því.
- **Réttur þinn til að leiðrétta og fullgera gögnin þín:** Við leiðréttum rangar upplýsingar um þig ef þú hefur samband við okkur í því skyni. Við fullgerum ófullkomin gögn ef þú óskar eftir því, svo framarlega sem slíkar viðbótarupplýsingar eru nauðsynlegar svo hægt sé að vinna úr gögnunum þínum.
- **Réttur þinn til að eyða gögnunum þínum:** Við eyðum þeim upplýsingum sem við höfum um þig ef þú óskar eftir því. Hafðu þó í huga að sumum gögnum er einungis hægt að eyða að ákveðnum tíma liðnum, til dæmis ef lög krefjast þess að þau séu geymd lengur eða vegna þess að við þurfum á gögnunum að halda til að geta uppfyllt samningsbundnar skyldur okkar við þig. Sjá einnig lið 11.
- **Réttur þinn til að láta loka fyrir aðgang að gögnunum þínum:** Í sumum tilfellum, þar sem lög heimila það eða krefjast þess, munum við loka fyrir aðgang að gögnunum þínum ef þú óskar

þess. Ef lokað er fyrir aðgang að gögnum er aðeins hægt að vinna úr þeim að mjög takmörkuðu leyti.

- **Réttur þinn til að afturkalla samþykki þitt:** Þú hefur rétt á að afturkalla samþykki þitt fyrir vinnslu gagna þinna hvenær sem er. Afturköllun samþykkis skal ekki hafa áhrif á lögmæti vinnslu á grundvelli samþykkisins fram að afturkölluninni.

Sjá einnig lið 11.

- **Réttur þinn til að andmæla vinnslu gagna þinna:** Þú hefur rétt á því að andmæla vinnslu gagna þinna hvenær sem er (slík andmæli eru þó ekki afturvirk) ef vinnsla gagnanna fer fram á þeim lagagrundvelli sem tiltekinn er í 6. grein (1e eða 1f) GDPR. Ef þú andmælir vinnslu gagna þinna munum við stöðva hana, svo framarlega sem engar knýjandi og lögmætar ástæður eru fyrir frekari vinnslu. Vinnsla gagna þinna vegna beinnar markaðssetningar flokkast aldrei undir knýjandi og lögmætar ástæður.
- **Réttur þinn til að flytja eigin gögn:** Farir þú fram á slíkt getum við veitt þér aðgang að ákveðnum upplýsingum á skipulegu, algengu og tölvulesanlegu sniði.
- **Réttur þinn til að leggja fram kvörtun hjá eftirlitsyfirvaldi:** Þú getur lagt fram kvörtun sem snýr að persónuvernd til persónuverndaryfirvalda. Til að gera það þarft þú að hafa samband við persónuverndaryfirvöld með lögsögu á þínu búsetusvæði eða persónuverndaryfirvöld í okkar lögsagnarumdæmi (sjá hér á eftir).

Persónuverndaryfirvöld í Bæjaralandi (Bavarian Data Protection Authority, BayLDA); www.baylda.de.

c. Flutningur til viðtakenda utan EES

Ef nauðsyn krefur flytjum við einnig persónuupplýsingar til viðtakenda utan EES, í svokölluðum þriðju löndum, til að unnt sé að útvega eiginleika forritsins, sem og þjónustuna sem í boði er fyrir tilstilli forritsins. Í slíkum tilfellum tryggjum við – áður en nokkrum gögnum er deilt – annaðhvort af eftirfarandi: a) Viðtaki tryggir viðeigandi persónuvernd (t.d. á grundvelli ákvörðunar framkvæmdastjórnar ESB um fullnægjandi öryggi af hálfu viðkomandi lands eða með því að samþykkja hefðbundin samningsákvæði ESB milli ESB og viðkomandi lands). b) Þú hefur veitt samþykki þitt fyrir slíkum flutningi.

Ef þú óskar eftir því veitum við þér upplýsingar um viðtakendur í þriðju löndum sem og afrit af þeim sértæku varúðarráðstöfunum sem samþykktar hafa verið til að tryggja viðeigandi persónuvernd. Notaðu samskiptaupplýsingarnar sem sjá má aftast í þessum upplýsingum um persónuvernd til að óska eftir slíkum upplýsingum.

Í lið 9 má sjá upplýsingar um flutning persónuupplýsingavegna notkunar á þjónustu þriðju aðila.

d. Samskiptaupplýsingar persónuverndarfulltrúa

Ef þú óskar eftir nánari upplýsingum um persónuvernd eða vilt neyta réttinda þinna getur þú notað eftirfarandi samskiptaupplýsingar til að hafa beint samband við persónuverndarfulltrúa okkar:

BSH Hausgeräte GmbH
Data Protection Officer
Carl-Wery-Str. 34
81739 Munich, Germany

Data-Protection-de@bshg.com

Útgáfudagur: Október 2020